


Hvaða áhrif hafa andaverur á okkur? (2. hluti)

Byggt á 10. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* en hana má finna á jw.org/is.

MARKMIÐ: Veltu fyrir þér hverju þú trúir og hvers vegna, og skoðaðu hvað Biblían kennir. Þá áttu auðveldara með að útskýra trú þína fyrir öðrum.



ER SPÍRITISMI HÆTTULEGUR?

1 VELTU FYRIR ÞÉR HVERJU ÞÚ TRÚIR

Hvers vegna ætli sumir segi nei?

Hvers vegna ætli sumir segi já?

Hvað heldur þú?

Hvers vegna heldurðu það?

Biblían fordæmir spíritisma sem illir andar nota til að blekkja fólk.

(Sjá 10. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 9-13.)

Lestu 5. Mósebók 18:10, 11 og Galatabréfið 5:19-21.

Hvernig sýna þessi vers viðhorf Jehóva til spíritisma?

Lestu Opinberunarbókina 12:12, 17.

Hvers vegna eru Satan og illir andar hans ákveðnir í að afvegaleiða fólk?



Þú myndir ekki hleypa glæpamanni inn á heimili þitt. Hvers vegna ættirðu þá að bjóða illum öndum að hafa áhrif á líf þitt?

Jehóva hjálpar okkur að standa á móti illum andaverum.

(Sjá 10. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 14–19.)

Lestu Postulasöguna 19:19.

Hvernig voru kristnir menn í Efesus á fyrstu öld góð fyrirmynd í að standa á móti spíritisma samkvæmt þessari innblásnu frásögu?

Lestu Orðskviðina 18:10; Efesusbréfið 6:16 og Jakobsbréfið 4:7, 8.

Hvað gefur Jehóva okkur sem hjálpar okkur að standa gegn Satan og illum öndum hans?

Hvers vegna finnst þér gott að vita að Jehóva er öflugri en illu andarnir og að hann vill hjálpa okkur?



ÚTSKÝRÐU HVERJU ÞÚ TRÚIR

EF EINHVER SEGIR ...

Það er ekkert rangt við spásagnir; þær eru bara saklaus skemmtun.

GÆTIRÐU SAGT ...

Margir eru örugglega sammála þér. En ég hef aðra skoðun vegna þess að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?

EF EINHVER SEGIR ...

Illir andar eru mjög máttugir svo við ráðum ekkert við þá.

GÆTIRÐU SAGT ...

Það er rétt að illir andar eru mjög máttugir. En ég trúi því að við *getum* staðið gegn þeim vegna þess að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?
